



Borgarráð

Reykjavík, 25. nóvember 2025

MSS25100148

Viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og félags- og húsnæðismálaráðherra um uppbyggingu öryggisvistunarúrræða

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða viljayfirlýsingu Reykjavíkurborgar og félags- og húsnæðismálaráðherra um uppbyggingu öryggisvistunarúrræða þar sem staðfestur er sameiginlegur vilji til að ráðuneytinu verði tryggð lóð undir öryggisvistunarúrræði og starfsemi því tengdu á Hólmsheiði. Aðilar munu hvor um sig tilnefna tvo fulltrúa til að vinna að og framfylgja viljayfirlýsingunni og áhersla verður lögð á að formlegur samningur um úthlutun lóðarinnar verði gerður eigi síðar en í janúar 2026.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og félags- og húsnæðismálaráðherra um uppbyggingu öryggisvistunarúrræða, dags. 24. nóvember 2025.



Reykjavík

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið, kt. 521218-0610, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Tjarnargata 11, 101 Reykjavík, gera með sér eftirfarandi:

Viljayfirlýsingu

um að staðfesta sameiginlegan vilja um að tryggja ríkinu lóð undir öryggisvistunarúrræði og tengda starfsemi á landi Reykjavíkurborgar á Hólmsheiðarsvæði. Markmið aðila með yfirlýsingu þessari er að skapa skýran ramma um næstu skref til úthlutunar lóðar þar sem horft er til úthlutunarskilmála Reykjavíkurborgar, skipulagsvinnu, leyfisveitinga og undirbúnings framkvæmda.

Hvor aðili mun tilnefna tvo fulltrúa til að vinna að og framfylgja yfirlýsingu þessari. Reykjavíkurborg mun leiða vinnu við úthlutunarskilmála og nauðsynlegar breytingar á skipulagslýsingu svæðisins í samráði við viðeigandi stofnanir. Félags- og húsnæðismálaráðuneytið mun vinna þarfagreiningu, leggja fram forsendur fyrir starfseminni og vinna deiliskipulag á sinn kostnað fyrir lóðina á grundvelli framangreindrar þarfagreiningar í samráði við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

Á grundvelli þessarar viljayfirlýsingar er gert ráð fyrir að á lóðinni á Hólmsheiðarsvæðinu rísi bygging á einni hæð undir starfsemi nýrrar fyrirhugaðrar ríkisstofnunar, **Miðstöð um öryggisráðstafanir**. Hlutverk stofnunarinnar verður að reka úrræði fyrir einstaklinga sem dæmdir hafa verið til þess að sæta öryggisráðstöfunum skv. dómsúrlausn í samræmi við ákvæði almennra hegningarlaga. Við byggingu húsnæðisins skal leggja áherslu á öruggar og tryggar aðstæður sem stuðla að því að endurhæfa þá einstaklinga sem þar vistast allt með það að markmiði að þeir geti aðlagast samfélaginu með tryggum hætti og tekið virkan þátt í því.

Lagt er upp með að formlegur samningur um úthlutunarskilmála og úthlutun lóðarinnar verði gerður eigi síðar en í janúar 2026 og að í kjölfarið verði ráðist í hönnun byggingarinnar með það að markmiði að umrædd starfsemi geti hafist í síðasta lagi árið 2029. Við fyrirhugaðar framkvæmdir skal fylgja lögum um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001 og lögum opinber innkaup nr. 120/2016.

Viljayfirlýsing þessi er gerð með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu á fjárlögum og að frumvarp um öryggisráðstafanir verði að lögum. Af hálfu Reykjavíkurborgar er samkomulagið undirritað af borgarstjóra með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs Reykjavíkurborgar.

Reykjavík, 24. nóvember 2025

Fyrir hönd félags- og húsnæðismálaráðuneytisins

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar



Inga Sæland
félags- og húsnæðismálaráðherra



Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri